



213. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 11. júlí 2013 kl. 16:00.

Mættir: Lárus Blöndal forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Garðar Svansson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson 1. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Hafsteinn Pálsson, Ingi Þór Ágústsson.

Dagskrá:

1. Útför Ólafs E. Rafnssonar forseta ÍSí – stofnun minningarsjóðs

Útför Ólafs fór fram frá Hallgrímskirkju 4. júlí sl. Skipulag og framkvæmd útfararinnar var á höndum stjórnar og starfsfólks ÍSí og KKÍ, í samráði við fjölskyldu Ólafs.

Knattspyrnufélagið Haukar sá að mestu um undirbúning erfidrykkjunnar sem haldin var í Íþróttamiðstöð Hauka að Ásvöllum í Hafnarfirði. Afar vel var staðið að málum í Haukaheimilinu og öll umgjörðin til sóma. Talið er að ríflega 1000 manns hafi mætt til útfararinnar, þar af yfir 20 erlendir gestir frá alþjóðakörfuknattleikshreyfingunni og íþróttasamtökum á Norðurlöndum.

ÍSí bauð erlendu gestunum til kvöldverðar kvöldið fyrir útförina, ásamt forsvarsmönnum KKÍ, Ellert B. Schram Heiðursforseta ÍSí og Stefáni Konráðssyni fyrrverandi framkvæmdastjóra ÍSí.

Kistuberar voru Lárus Blöndal, Gunnar Bragason, Sigríður Jónsdóttir, Friðrik Einarsson, Líney Rut Halldórsdóttir, Stefán Konráðsson, Hannes Jónsson og Pétur Hrafn Sigurðsson. Krans frá ÍSí var borinn út með kistunni, ásamt kransi frá forseta Íslands.

ÍSí ber kostnaðinn af útför og erfidrykkju, eins og samþykkt var á síðasta fundi framkvæmdastjórnar ÍSí.

Minningargrein frá stjórn og starfsfólki ÍSí var birt í Morgunblaðinu.

Að ósk fjölskyldu Ólafs var stofnaður minningarsjóður í nafni hans, sem verður í umsjá ÍSí. Fjöldi framlaga hefur borist í sjóðinn frá einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum jafnt íslenskum sem erlendum. Einnig hefur fjöldi samúðarskeyta, korta og tölvupósta borist skrifstofu ÍSí ásamt því að margir hafa hringt til að votta hreyfingunni og fjölskyldu Ólafs samúð sína.

2. Skipan í embætti framkvæmdastjórnar ÍSí

Skipa þarf á ný í embætti framkvæmdastjórnar ÍSí þar sem varaforseti hefur tekið sæti forseta.

Forseti bar upp tillögu um að Helga Steinunn Guðmundsdóttir taki við embætti varaforseta ÍSí, Sigríður Jónsdóttir takið við embætti ritara og Gunnar Bragason haldi áfram í embætti gjaldkera.

Tillagan samþykkt.

3. Ólympísk verkefni

EYOF 2013

Skrifstofustjóri, sem verður í hlutverki aðalfararstjóra í ferðinni, skýrði frá fundi sem haldinn var í gær með þátttakendum í EYOF 2013 og aðstandendum þeirra en haldið verður til Utrecht í Hollandi þann 13. júlí nk. Fundurinn tókst vel og er undirbúningur á lokastigi. Keppendur verða alls 19 talsins í fimm íþróttagreinum en alls telur hópurinn 28 manns. Forseti mun verða viðstaddur setningu leikanna og fylgjast með fyrsta keppnisdeginum. Framkvæmdastjóri verður í Utrecht alla vikuna að sinna hlutverki sínu í EYOF Commission.

Sochi 2014

Undirbúningur gengur vel en ekkert nýtt er í stöðunni frá síðasta fundi.

4. Smáþjóðaleikar 2015

Gunnar Bragason skýrði frá því að fundi sem átti að halda í Skipulagsnefnd leikanna hafi verið frestað fram í ágúst. Búið er að kalla eftir skýrslum frá þeim aðilum sem sóttu leikana í Luxemborg fyrir hönd ÍSÍ.

Gunnar skýrði einnig frá því að hann og framkvæmdastjóri væru að vinna að fjármálum og fjármögnun leikanna en ljóst væri að þörf væri á góðum stuðningi við leikana frá ríki og borg.

5. Heiðranir

Samþykkt var í gegnum tölvupóst að veita Þorvaldi Jóhannssyni hjá Íþróttafélaginu Huginn á Seyðisfirði Gullmerki ÍSÍ vegna góðra starfa í þágu íþróttahreyfingarinnar. Gunnar Bragason gjaldkeri sæmdi Þorvald Gullmerkinu á 100 ára afmælishátíð félagsins á Seyðisfirði í lok júní.

Gunnar Bragason og Hafsteinn Pálsson afhentu Ólafi Stefánssyni fyrsta Afreksmerki ÍSÍ eftir síðasta leik Ólafs með landsliði karla í handknattleik. Leikurinn fór fram 16. júní í Laugardalshöllinni og sýndur í beinni útsendingu á RÚV.

6. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 211. og 212. fundur framkvæmdastjórnar
- 13., 14 og 15. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- 111. fundur Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ frá 10. júní 2013
- Almenningsíþróttasviðs frá 20. Jún í 2013
Minnisblað vegna Kvinnahlaupsins 2013
- Lyfjaeftirlitsnefnd frá 18. júní 2013

7. Viðburðir framundan

Farið yfir helstu viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

8. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Samþykkt að næsti fundur stjórnar verði haldinn 29. ágúst nk. kl. 16:00. Rætt um 15. nóvember sem mögulega dagsetningu Formannafundar ÍSÍ.

9. Önnur mál

Tryggingamál

Forseti skýrði frá því að í ljósi undangenginna atburða hafi verið leitað eftir tilboði hjá Sjóvá um líftryggingu fyrir meðlimi framkvæmdastjórnar ÍSí og starfsfólks ÍSí. Samþykkt að taka tilboðinu. Gjaldkera og framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu. Líftryggingin gildir á meðan viðkomandi aðili á sæti í stjórn ÍSí eða er í starfi hjá ÍSí.

síó

Forseti skýrði frá því að Guðmundur Gíslason væri hættur sem formaður Samtaka íslenskra ólympíufara og að Þórey Edda Elísdóttir hefði tekið við embættinu.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, skrifstofustjóri